

Föstudaginn 4. apríl 1997.

Nr. 153/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Friðriki Gunnari Gíslasyni

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 3. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. apríl 1997 kl. 16.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að beitt verði ráðstöfunum samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991.

Rannsóknarlögregla ríkisins rannsakar um þessar mundir umfangsmikil fjársvik og skjalafals margra manna, sem hófst, er tveir þessara manna voru stöðvaðir í Leifstöð 23. mars sl., er þeir voru á leið úr landi, að því er virðist til langdvalar. Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa greitt farmiða mannanna að tilhlutan nafngreinds manns og hafi það verið liður í bílaviðskiptum sínum og varnaraðila. Af gögnum málsins er ljóst, að varnaraðili hefur auk framangreinds átt ýmis samskipti við mann þennan, sem grunaður er um að standa að baki skipulagningu fjársvikanna. Framburður varnaraðila um samskipti þessi og málsatvik að öðru leyti er ótrúverðugur. Með vísan til þessa svo og þess, sem greinir í rannsóknargögnum um atvik málsins, þykir vera rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að brotum gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er því fullnægt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds, og verður varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. apríl 1997 kl. 16.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Friðrik Gunnar Gíslason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. apríl 1997 kl. 16.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1997.

Ár 1997, þriðjudaginn 2. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Friðriki Gunnari Gíslasyni, kt. 230763-2759, Nordurtúni 8, Bessastaðahreppi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 9. apríl nk. kl. 16 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn laust fyrir kl. 11 í gær, grunaður um aðild að stórfelldum fjársvikum og skjalafalsi, sem tengist m. a. félaginu Brúnum. Telur lögregla, að sviknar hafi verið út vörur í nafni félagsins og eiganda þess, Más Karlssonar, hjá Byggingavöruverslun Kópavogs hf. fyrir um 800.000 krónur, hjá Raftækjaverslun Heklu hf. fyrir um 1.100.000 krónur og hjá tveimur fyrirtækjum til viðbótar fyrir samtals um 700.000 krónur. Auk þessa sé um að ræða viðskipti með átta bifreiðar að milljónavirði, hagnýtingu falsaðs veðskuldabréfs, að fjárhæð 3.600.000 kr., og notkun fjölda viðskiptabréfa í ýmsum bankastofnunum, þar sem fjárhæðir skipta milljónum, en vitað er fyrir víst um víxla og skuldabréf, að fjárhæð um 5.800.000 kr.

Eigandi félagsins Brúna, Már Karlsson, hefur borið hjá lögreglu, að Örn Karlsson hafi notað sig til fjársvika og að Örn sé sá, sem í raun standi að baki félaginu. Þá hefur Már borið, að hann eigi enga möguleika á að standa við þær fjárskuldbindingar, sem hann hefur tekist á hendur sem eigandi félagsins.

Jafnframt vinnur lögregla að rannsókn á viðskiptum, sem tengjast fleiri félögum, þ. á m. félags, er nefnist Hafbáran, þar sem Már er í fyrirsvari að forminu til ásamt Erni Karlssyni og Rúnari B. Sigurbjörnssyni. Telur lögregla um svikamyllu að ræða, þar sem verið sé að svíkja út vörur og peninga með skipulögðum hætti í miklum mæli með því að vekja traust hjá viðsemjendum með þessum tilbúnu fyrirtækjum. Geti tjón af ætluðum brotum numið allt að 36 milljónum króna.

Már Karlsson var handtekinn á Keflavíkurflugvelli 23. mars sl., en þá var hann á leið til Thailands ásamt framangreindum Rúnari, en hinn síðarnefndi tengist einnig félaginu Brúnum. Samkvæmt framburði vitna mun

Már hafa ætlað að dveljast þarlendis a. m. k. næstu misseri. Kærði Friðrik Gunnar greiddi flugfarseðla Más og Rúnars til Thailands með raðgreiðslusamningi tveimur dögum áður en þeir hugðust halda af landi brott. Hefur hann gefið þá skýringu, að um hafi verið að ræða hluta af greiðslu kaupverðs bifreiðar og að Örn Karlsson hafi beðið sig að láta greiðsluna ganga til farmiðakaupanna.

Þá hefur kærði kannast við að hafa átt viðskipti, þar sem Örn Karlsson kemur einnig við sögu. Nánar tiltekið hafi verið um að ræða bílaviðskipti, þar sem maður að nafni Sverrir Þór Sverrisson var í öðru tilvikinu seljandi, en kaupandi í hinu. Upplýst er, að Örn kom fram í þessum viðskiptum fyrir hönd Sverris, en Sverrir hefur borið, að hann hafi í raun léð nafn sitt, til að viðskiptin kæmust á, eftir beiðni Más Karlssonar, sem aftur hafi beðið um það að undirlagi Arnar Karlssonar.

Í afsali, þar sem vörulyftu og tveimur kælipressum er afsalað félaginu Brúnum, er nafn kærða ritað sem vitundarvotts. Kærði hefur borið, að hann hafi aldrei séð þetta skjal og nafn sitt á það falsað.

Rannsóknara grunar, að kærði hafi að undanfögnu í félagi við aðra stundað umfangsmikið skjalafals og fjársvik. Í þágu rannsóknar málsins sæta fimm menn nú gæsluvarðhaldi, þ. á m. Örn Karlsson, Már Karlsson og Rúnar B. Sigurbjörnsson. Rannsókn málsins er umfangsmikil, en sýnist komin á nokkurn rekspöl. Ljóst er þó, að mikil gagnaöflun þarf að fara fram til viðbótar þeirri, sem þegar er orðin.

Þegar á hinn bóginn er litið til þeirra gagna, sem lögð hafa verið fyrir dóminn, svo og þess, sem rakið hefur verið um aðild kærða að málinu, þykir varhugavert að telja, að hann sé viðriðinn málið með slíkum hætti, að hætta sé á, að hann muni torvelda rannsókn þess, fari hann frjáls ferða sinna. Að því virtu verður kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða synjað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði, Friðrik Gunnar Gíslason, sæti gæsluvarðhaldi, er hafnað.